



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

**Puríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Múlaping
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 29. ágúst 2022
MÍ202207-0042/ 6.08 / Þ.E.H.

Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 - breyting vegna Fjarðarheiðaganga

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf ritara umhverfis- og framkvæmdarsviðs frá 7. júlí 2022 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar varðandi vinnslutillögu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir vegna jarðganga undir Fjarðarheiði. Meðfylgjandi var tillagan, dags. 6. júlí 2022.

Gert er ráð fyrir jarðgöngum í gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar en vegna framkvæmdanna þarf að gera breytingu á aðalskipulagsáætlunum þeirra beggja eftir nánari greiningar valkosta. Markmið breytingarbreytingartillögunnar er að stuðla að sem mestu umferðaröryggi vegfarenda, tryggja greiðari samgöngur og bæta sambúð vegar og umferðar við íbúa og umhverfi. Breytingarnar eru í samræmi við aðalvalkost Vegagerðarinnar og niðurstöðu umhverfismatsskýrslu. Lögð er til svokölluð Suðurleið sem felur í sér gangamunna við Dalhús og færslu Hringvegur suður fyrir þéttbýlið. Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að nýr Seyðisfjarðarvegur liggi í gegnum þéttbýlið eftir svokallaðri Melshornsleið í landi Eyvindarár.

Gerðar verða eftirfarandi breytingar á sveitarfélagsupprætti B:

- Jarðgöngin færast suður og gangamunninn verður við Dalhús í stað Miðhúsa.
- Hringvegur ofan Egilsstaðskógar færast nær Eyvindará og fer í gegnum Svæði F28/O24 sem er skilgreint sem frístundabyggð og opið svæði.
- Nýr Seyðisfjarðarvegur frá gangamunna að nýrri legu Hringvegur fer um nýja 110m langa brú yfir Eyvindará.
- Nýr tengivegur liggur frá nýjum Hringvegi að athafnasvæðinu við Miðás til að draga úr umferð þungaflutninga.
- Núverandi vegur yfir Fjarðarheiði verður haldið við sem landsvegi.
- Núverandi Seyðisfjarðarvegur milli Eiðavegamóta og Eyvindarárvegamóta og svo Hringvegur frá Eiðavegamótum upp að Hálsvegumótum verður áfram stofnvegur vegna tengingar við Borgarfjarðarveg og núverandi veg yfir Fjarðarheiði.
- Afmarkað svæði verður fyrir efnisvinnslu og haugsetningu E150 meðan á framkvæmdum stendur.
- Afmarkað athafnasvæði A20 þar sem verður aðstaða vegna jarðganga- og vegavinnunnar.

- Þéttbýlismörkum og útmörk tveggja landnotkunarreita innan þéttbýlismarkna L4 og O11 eru færð til lítilega til að aðlaga þau að veglínunni.

Gerðar verða eftirfarandi breytingar á þéttbýlisupprætti Egilsstaða og Fellabæjar:

- Fagradalsbraut, fellur af Þjóðvegaskrá og verður innanbæjargata.
- Núverandi Seyðisfjarðarvegur breytist úr stofnvegi í landsveg.
- Melshornleið samkvæmt gildandi aðalskipulagi felur úr aðalskipulaginu.
- Reitur fyrir blandaða byggð L4 smækkar við aðlögun að veglínu.
- Línutákn nokkurra gatna eru leiðrétt.

Gerðar verða breytingar á aðalskipulagsgreinargerð í eftirfarandi köflum:

- Stefnu um bílaumferð 7.2.2.
- Í stefnu um gönguleiðir, hjólaleiðir og reiðleiðir í kafla 7.5.2.
- Í kafla 9.6 um athafnarsvæði.
- Í kafla 9.10 um efnistökusvæði.
- Í kafla 9.19 um samgöngur á listi yfir meginbreytingar á vegkerfi sveitarfélagsins.

Fornleifaskráning var gerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda af Fornleifastofnun Íslands ses. og birtust niðurstöður þeirrar skráningar í skýrslu frá árinu 2021; *Fjarðarheiðargöng: Fornleifaúttekt* (skýrsla nr. FS827-20291).

Vegagerðin gerir ráð fyrir að vegna vinnubúða efnislosunarsvæða, athafnarsvæða og verkstæða við gangamunna þurfi deiliskipulag og að útfærsla þess sé unnin í samráði við Múlaþing.

Tekið er fram í kafla 2.7 að leyfi Minjastofnunar þurfi vegna rasks á fornleifum sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Í kafla 3.5 er fjallað um niðurstöður umhverfismats og þar kemur fram að fornleifar eru á meðal þeirra umhverfisþátta sem verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna framkvæmdanna.

Í kafla 3.6 kemur fram að Vegagerðin hafi lagt til tillögur að mótvægisáðgerðum vegna fornleifar sem eru skráðar innan framkvæmdarsvæðisins en það sé í höndum Minjastofnunar Íslands hver endanlegar útfærslur þeirra verður. Allar minjar í nágrenni framkvæmdarsvæðisins verða merktar vandlega og afmarkaðar.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna með bréfi dags. 14. júlí 2022. Þar er nánar útlistað til hvaða mótvægisáðgerða stofnunin telur þörf á vegna þeirra fornleifa sem eru í hættu. Einnig er vakin athygli á því að breytingar sem hafa verið gerðar á Suðurleið er utan skráningarsvæðis fornleifaskráningarinnar og því er ekki hægt að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á þann hluta leiðarinnar.

Fornleifaskráningu þarf að vinna fyrir þá breytingu sem lögð var til á Suðurleið í matsferlinu, þar á við möguleika á tengingu frá Suðurleið að athafnarsvæði á Egilsstöðum og svo veglínunnar til suðurs við tengingu að Selbrekku. Þessar viðbætur liggja að hluta til utan skráningarsvæðis fornleifa og því er þörf á fornleifaskráningu á þessum svæðum áður en framkvæmdarleyfi er gefið út. Einnig er vert að athuga hvort að frekari svæði séu utan þess svæðis sem fyrrnefnd fornleifaskráning náði yfir, s.s. frekari vegbreytingar, vinnubúðasvæði, athafnarsvæði eða námur, svo hægt sé að vinna þær samhliða og þar með tryggja að skráning fornleifa hafi farið fram innan allra svæða þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir ná yfir. Minjavörður er reiðubúin til aðstoðar við að fara yfir hvort og þá hvaða svæði þyrfti að skrá nánar.

Varðandi kröfur Minjastofnunar varðandi mótvægisáðgerðir vegna fornleifa vísar Minjastofnun til umsagnar stofnunarinnar um umhverfismatið frá 14. júlí 2022. Óheimilt er að raska fornleifum án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun vekur athygli á því að deiliskipulagstillögur eða leyfi til framkvæmda þurfa að koma til umsagnar hjá stofnuninni sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megri úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megri fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við vinnslutillögu breytingar á aðalskipulagi Fljótaldalshéraðs 2008-2028 eins og hún hefur verið kynnt stofnuninni. Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

Purrður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúi Múlabings (skipulagsfulltrui@mulathing.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.